

Borgarráð Reykjavíkurborgar

Bæjarráð Garðabæjar

Bæjarráð Hafnarfjarðar

Bæjarráð Kópavogs

Bæjarráð Mosfellsbæjar

Bæjarráð Seltjarnarness

Dags. 24. febrúar 2020

Efni: Ósk um samþykki fyrir tímabundinni lántöku

Á stjórnarfundi Sorpu bs. hinn 17. febrúar 2020 var eftirfarandi fært til bókar undir 13. dagskrárið:

Tillaga um aðgerðir vegna sjóðstreymis.

Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu með greinargerð.

Stjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun félagsins sem felur í sér heimild til skammtímalántöku allt að 600 milljón króna yfirdráttarheimild til viðbótar við þær 500 milljón krónur sem þegar er heimild fyrir sem skal opin til ádráttar allt til loka árs 2020. Tillagan felur í sér fjármögnunarhreyfingar í sjóðstreymi og tilsvarandi aukningu skammtímaskulda í efnahag að fjárhæð 600.000.000 krónur og áhrif á rekstur sem felast í áætluðum auknum fjármagnsgjöldum að fjárhæð 11.500.000 kr. með sömu lækkun á rekstrarniðurstöðu. Tillöggunni er vísað til eigenda til samþykktar.


Jafnframt er framkvæmdastjóra veitt heimild til að undirrita nauðsynleg lánskjöl við fjármálastofnun vegna lántökunnar.

Hér með er óskað eftir formlegu samþykki sveitarstjórnar á þessari tímabundnu lántöku í formi yfirdráttarheimildar sem gildir til loka árs 2020.

Meðfylgjandi er greinargerð framkvæmdastjóra sem fylgdi með tillöggunni til stjórnar.

Erindi stjórnar Sorpu bs var kynnt og rætt á eigendafundi Sorpu bs 17. febrúar 2020 og var fallist á að vísa því til afgreiðslu hjá eigendum.

F.h. Sorpu bs.


Helgi Þór Ingason, framkvæmdastjóri

Fjármögnun SORPU bs.

Framkvæmdastjóri leggur eftirfarandi tillögu fyrir stjórn SORPU bs. til samþykktar á stjórnarfundi þann 17. febrúar 2020:

„*Lagt er til að stjórn SORPU bs. samþykki viðauka við fjárhagsáetlun félagsins sem feli í sér heimild til skammtimalántöku allt að 600 milljón króna yfirdráttarheimild til viðbótar við þær 500 milljón krónur sem þegar er heimild fyrir sem skal opin til ádráttar allt til loka árs 2020. Tillagan felur í sér fjármögnumarbreyfingar í sjóðstreymi og tilsvarandi aukningu skammtímaskulda í efnahag að fjárhæð 600.000.000 krónur og áhrif á rekstur sem felast í áætluðum auknum fjármagnsgjöldum að fjárhæð 11.500.000 kr. með sömu laekkun á rekstrarniðurstöðu. Tillöggunni er vísað til eigenda til samþykktar.*

Jafnframt er framkvæmdastjóra veitt heimild til að undirrita nauðsynleg lánskjöl við fjármálastofnun vegna lántökunnar.“

Greinargerð með tillögu til stjórnar SORPU bs.:

A. Fjárhagsleg staða SORPU bs.:

Unnið hefur verið bráðabirgðauppgjör SORPU bs. fyrir árið 2019 og drög að fjárhagsáetlun vegna ársins 2020. Þá liggur fyrir endurskoðuð áætlun verkfræðistofunnar Mannvits hf. á heildarkostnaði vegna annars vegar gas- og jarðgerðarstöðvar og hins vegar stækunar á móttökustöð og tilheyrandi vélbúnaði. Bráðabirgðauppgjörið og drög að fjárhagsáetlun 2020 sýna mikil umskipti hjá fyrirtækinu.

Á þessum grundvelli hefur verið gerð sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2020 sem sýnir að eigi síðar en um lok marsmánaðar verður fyrirtækið búið að nýta sér allar lánsheimildir, þar með taldar lánalínur, þannig að laust fé verður uppuríð verði ekki gripið til aðgerða, sbr. meðfylgjandi mynd. Myndin sýnir einnig að halli á rekstri heldur áfram út allt árið og fer raunar vaxandi:



B. Fjármögnun SORPU bs. til skamms tíma

Þar sem að áætlun um heildarendurskoðun, sbr. lið C., mun ekki liggja fyrir fyrr en í maí 2020 og innleiðing hennar mun taka a.m.k. þrjá mánuði að auki, er lagt til að stjórn SORPU bs. samþykki fram komna tillögu, sem ætlað er að tryggja gjaldfærni fyrirtækisins þar til að heildstæðar aðgerðir varðandi endurskoðun rekstrar og skipulags fjármögnum hafa náð fram að ganga eða allt til loka árs 2020.

C. Aðgerðaáætlun

Til þess að bregðast við framangreindri stöðu hefur stjórn félagsins ákveðið að fara í gagngera endurskipulagningu á fjármálum fyrirtækisins með það að markmiði að tryggja stöðu þess til framtíðar. Hefur stjórnin falið framkvæmdastjóra að vinna að gerð aðgerðaráætlunar sem tekur á öllum þáttum rekstrar og fjármögnum fyrirtækisins, þ.m.t. mögulegra gjaldskrárbreytinga, hagræðingar í rekstri, mögulegra stofnframlaga frá eigendum og lánsfjármögnum. Aðgerðaráætlunin verður lögð fyrir stjórn félagsins og eigendur fyrir lok maí 2020 til samþykktar. Þessar aðgerðir munu fyrirsjáanlega kalla á breytingar á fjárhagsáætlun fyrirtækisins með sérstökum viðauka sem lagður verður fyrir stjórn SORPU bs. og eigendur til samþykktar fyrir lok maímánaðar 2020.